

2. fundur í skólaráði Grunnskóla Hornafjarðar 2016-2017 2. nóv. 2016 kl. 13:15 – 14:15 í Hafnarskóla

Fundarstjóri: Þórgunnur Torfadóttir

Fundarritari: Styrgerður Hanna Jóhannsdóttir

Mættir Þórgunnur, Erna, Ingibjörg G, Guðrún, Kristín, Hildur, Matthildur, Ingibjörg hennar Herdísar W, Nanna Guðný, Alla og Styrgerður

Dagskrá

1. Reglur um kennslustundamagn og breytingar á kennslustundamagni milli ára.

Kynning á reglum sem sveitarfélagið hefur sett til hliðsjónar við úthlutun. Reglur sendar með í viðhengi.

2. Niðurstöður samræmdra prófa

Bekkir eru að koma þokkalega út, 7. bekkur hefur bætt sig og 4. bekkur kom vel út í stærðfræði, ekki eins vel í íslensku.

Þórgunnur lýsir helstu breytingum sem orðið hafa á fyrirlögninni, prófið styttra og mælir takmarkaðri hluta. Prófin tekin á iPada sem virðist ekki hafa haft áhrif. Spurt hvort fingrasetning væri kennd markvisst í skólanum? Hún er kennd en bent á að börn nota ekki fingrasetningu á iPada.

Fundarmenn veltu fyrir sér hvernig stæði á því að nemendur væru kannski að fá góðar einkunnir í skólanum en kæmu svo illa út í samræmdu prófunum. Erna útskýrði það kaflapróf versus heildarpróf. Hlutur orðadæma stór í samræmdum prófum, þarf að leggja meiri áherslu á að þjálfra þannig vinnu.

Einnig rætt um gengi nemenda af erlendum uppruna í íslensku í samræmdu prófunum.

Þórgunni dreymir um að stofna miðstöð þar sem sjálfbóðaliðar (unglingar aðallega) koma og vinna með börnum/unglingum við að kenna, spila, sinna barnagæslu o.fl., útlendingar ekki sér heldur allir saman. Þetta gæti verið hluti af námi unglinganna í 9. og 10. bekk. Þar sem það er ekki innbyggt í þjóðarsálina að vinna mikla sjálfböðavinnu. Nýheimar gætu t.d. hentað vel fyrir svona starfsemi.

3. Niðurstöður nýjustu mælinga í skólápúlsinum

Þórgunnur sýnir könnunina sem tekin var í september. Mikil gleði með að nú erum við í fyrsta skipti komin niður fyrir landsmeðaltal í einelti. Allir í skólanum hafa sammælst um að útrýma einelti, mikil vinna verið lögð í þá vinnu og nú virðist hún vera að skila sér. Heildarniðurstöður koma að vísu ekki fyrir en í maí en við krossum putta og vonum það besta.

Trú nemenda á sjálfa sig virðist aftur á móti vera ákaflega lítil, þar erum við að koma mun verr út en undan farin ár. Allir bekkir (6. – 10.) sem taka þátt könnuninni hafa minni trú á eigin vinnubrögðum í námi, stelpur marktækt minni en strákar. Hver er ástæðan?

Hugsanlega getur kvíði haft áhrif, einnig eru mörg börn í skólanum, 9. – 10. bekk, sem vinna mikið með skóla.

Aðrir þættir eru í meðaltalinu.

4. Önnur mál

a. Barnasáttmálinn – dagur

Verið er að hvetja skóla til að taka 18. nóv til að vinna með þetta mál en þá eru kennarar í Brighton. Einnig eru mjög margir dagar þar sem verið er að vinna með mál þessu tengd, spurning hvað á að taka marga daga inn í skólastarfið. Spurning um að samþætta einhverja daga sem standa fyrir skyld/lík málefni.

Kannski frekar að leggja meiri áherslu á skyldur barna þar sem mikið hefur verið unnið með réttindi þeirra.

Fundarmönnum varð tíðrætt um það sem Vanda hefur verið að segja í fyrirlestrum sínum, greinilegt að boðskapur hennar er að fá góðan meðbyr hér.